



U S T

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

Skipulagsstofnun
Jakob Gunnarsson
Laugavegi 166
150 Reykjavík

✉ Suðurlandsbraut 24
IS-108 Reykjavík, Iceland

✆ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010

umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 21. mars 2007
Tilvísun: UST20070300018/6aj

Vinnsla grunnvatns fyrir vatnsátöppunarverksmiðju að Hlíðarenda í Sveitarfélaginu Ölfusi. Tilkynning um matsskyldu

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 1. mars sl. þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum framangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Framkvæmdalýsing

Samkvæmt framlögðum upplýsingum hyggst framkvæmdaraðili reisa verksmiðjuhúsnæði með vélbúnaði til átöppunar vatns. Gert er ráð fyrir að átöppun verði komin í allt að 250.000 m³ af fersku vatni á ári árið 2012. Að jafnaði samsvarar það um 8 l/s. Vatnið verður unnið úr borholum á yfirráðasvæði verksmiðunnar að Hlíðarenda. Gert er ráð fyrir að virkja lind þar sem streyma fram 30-40 l/s og verður lindin sennilega virkjuð þannig að holar verða boraðar á ská í hlíðarfótinn og vatni dælt úr þeim. Gert er ráð fyrir að taka 10-20 l/s vatns. Byggð verða smáhýsi yfir vinnsluholur og dælubúnað en gert er ráð fyrir að verksmiðjuhús geti orðið allt að 10.000 m² að stærð á einni eða fleiri hæðum.

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið sem ætlað er undir verksmiðjuna er sandorpið helluhraun. Hraunið er hluti af svonefndu Leitahrauni og nýtur það sérstakrar verndar samkvæmt 37. gr. laga nr. 44/1999 um náttúruvernd. Framkvæmdaraðili bendir á að hægt verði að byggja verksmiðjuna á malarþúða ofan á hrauninu þannig að það raskist ekki og að hægt verði að endurheimta hraunið ef verksmiðjan hverfur af svæðinu. Að mati framkvæmdaraðila eru megináhrif framkvæmdarinnar á umhverfið tengd flutningum á vöru frá verksmiðjunni, þ.e. umferðarhávaði og olíunotkun sem leiðir til CO₂ mengunar.

Framkvæmdaraðili bendir einnig á að meðfram flutningaleiðinni eru tveir bær í byggð auk sumargistingar í Hlíðardalsskóla. Nokkur sjónræn áhrif verða af byggingu verksmiðjunar en unnt verður að draga úr þeim m.a. með vali lita á byggingar.

Vatnafar

Í gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að lækur rennur um 2 km veg frá lindunum til austurs þar til hann hverfur í hraunið. Sumarhús stendur við lækinn austan við jarðarskikann að Hlíðarenda. Þar sem hluti lindarvatnsins sem rennur nú um framangreindan læk verður

nýttur (10-20 l/s af um 100 l/s) mun rennsli í læknum minnka. Til að bæta fyrir það vatn sem tekið er frá læknum telur framkvæmdaraðili auðvelt að vinna vatn úr hrauninu innan verksmiðjuvæðisins og dæla því í lækinn. Því verður fullnægt skilyrðum 33. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um að enginn verði sviptur vatni því sem um hans land fellur. Að mati Umhverfisstofnunar er nauðsynlegt að þær ráðstafanir sem framkvæmdaraðili nefnir til að bæta fyrir rennslisminnkun í læknum verði gerðar í samráði við landeigendur þeirra jarða sem land eiga að viðkomandi læk, auk þess sem þeim verði kynnt framkvæmdin og hugsanleg umhverfisáhrif hennar.

Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun bendir á að í framkomnum gögnum er stærð bygginga, þ. á m. hæð verksmiðjuhúsnæðis, nokkuð óljós og þar af leiðandi geta sjónræn áhrif og áhrif framkvæmdarinnar á landslag verið nokkuð breytileg eftir því hver stærð þeirra verður. Umhverfisstofnun bendir í því sambandi á að verksmiðjuhúsnæðið kann að verða nokkuð áberandi séð frá Þorlákshöfn og nágrennabæjum, þó svo að byggingunum verði valdir jarðlitir, enda er nokkuð flatlent frá Þorlákshöfn að Hlíðarenda. Stofnunin bendir einnig á að útsýni frá bæjum og frístundahúsum í nágrenni iðnaðarsvæðisins muni breytast til muna eftir framkvæmdirnar, enda munu byggingar skerða útsýni frá þeim húsum sem næst standa iðnaðarsvæðinu. Að mati Umhverfisstofnunar er umfjöllun um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar ófullnægjandi í umræddri tilkynningu. Nauðsynlegt er að birta myndir þar sem afstaða bygginga er sýnd til að hægt verði að meta hugsanleg sjónræn áhrif byggingarinnar.

Hljóðvist

Umhverfisstofnun telur umfjöllun um hljóðvist í tilkynningunni sé ábótavant. Í því sambandi bendir stofnunin á að frístundahús eru í 300-400 metra fjarlægð frá iðnaðarsvæðinu. Í tilkynningunni kemur ekki fram hvort eða á hvaða hátt framkvæmdir eða starfsemin mun hafa áhrif hljóðvist í nágrenni við frístundahúsin. Í gögnum framkvæmdaraðila kemur einnig fram að ferðatíðni flutningabíla verður um 250 á viku, eða um 50 ferðir flutningabíla á dag. Að mati Umhverfisstofnunar þyrfi að gera ítarlegri grein fyrir hugsanlegum ferðum flutningabíla innan þéttbýlis Þorlákshafnar og hvort sú aukning umferðar verði til þess að hávaði fari yfir leyfilegt hámark sbr. ákvæði í reglugerð nr. 933/1999 um hávaða.

Niðurstaða

Að mati Umhverfisstofnunar eru þau gögn sem fylgdu með framangreindu erindi ekki nægjanleg til þess að stofnunin geti veitt umsögn um matsskyldu framkvæmdarinnar. Fjalla þyrfi ítarlegar um sjónræn áhrif framkvæmdarinnar og hljóðvist í nágrenni verksmiðjunnar sem og vegna umferðar í Þorlákshöfn.

Virðingarfyllst

Ólafur A. Jónsson
sérfræðingur

Stefán Einarsson
staðengill forstöðumanns